

Náttúra fiskirækt ehf.  
Laxabraut 5  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 24. ágúst 2018  
UST201805-399/S.P.  
08.03


**Efni: Útstreymisbókhald móttekið – eftirfylgnimáli lokið**


Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 7. ágúst sl. þar sem stofnunin lagði dagsektir á Náttúru fiskirækt ehf. vegna vanskila á útstreymisbókhaldi, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.

Þann 13. ágúst 2018 barst Umhverfisstofnun útstreymisbókhald. Eftirfylgnimáli telst því lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum og er **13.200 kr.**

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að skiladagur fyrir Útstreymisbókhald 2018 er 1. maí nk. Hægt er að forðast gjaldtöku fyrir eftirfylgni með því að skila á réttum tíma. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllst

  
Gunnlaug H. Einarsdóttir  
sviðsstjóri

  
Svava Pétursdóttir  
lögfræðingur